

## GJALDSKRÁ fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

### 1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald með vísan til samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005.

### 2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

- Fyrir íbúðir, íbúðarhúsnæði greiðast kr. 18.786 á íbúð í sorphreinsunargjald miðað við tvær sorptunnur. Húseigendum eru í upphafi afhentar tvær 240 l sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
- Fyrir íbúðir, íbúðarhúsnæði greiðast kr. 16.021 á íbúð í sorpeyðingargjald miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
- Húsfélög geta fengið 660 l eða 1.100 l sorpílát í stað 240 lítra sorptunna. Sorptunnum sem skilað er inn til að fá stærri sorpílát þurfa að vera a.m.k. með samtals sömu lítratölu og þau sorpílát sem koma í staðinn. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum sem að jafnaði eru innheimt á tímabilinu janúar til og með október ár hvert.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 11. desember 2018, staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1126/2017 fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

*Akranesi, 14. desember 2018.*

**Sævar Freyr Þráinsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2018